

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sveitarfélagið Hornafjörður Lón



Dags eftirlits	2.8.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Sveitarfélagið Hornafjörður	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hafnarbraut 27, Höfn í Hornafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590169-4639	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Dögg Ingólfssdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	692965,529 428910,162

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirliti er varðar innri skráningar á sigmælingum og urðun á olíumenguðum úrgangi. Þrjár ábendingar eru settar fram er varða að kappkosta skal að halda athafnarsvæði urðunarstaðar snyrtilegu. Hin ábendingin varðar að athuga þurfi girðingar og aðgang að svæðinu, þar sem nokkuð bar á lausafé á urðunarstaðnum. Þriðja ábendingin varðar að mikilvægt er að viðhalda reglulegri hreinsun á hreinsivirki.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar í Lóni. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Staðan á sigmælingum
- Kynning á nýrri gjaldskrá Umhverfisstofnunar og breyttu fyrirkomulagi í boðun eftirlita
- Kynning á áhersluverkefni ársins, kortlagningu mengaðs jarðvegs
- Farið á urðunarstað og hann skoðaður

Í starfsleyfi er heimild til urðunar á 3000 tonnum af almennum meðhöndluðum neyslu og rekstrarúrgangi á ári og þar af 500 tonnum af lífrænum úrgangi til jarðgerðar. Árið 2022 voru urðuð tæp 1.812 tonn af úrgangi í Lóni. 257 tonn fóru til jarðgerðar (hreint timbur, hrossatað og matarleifar), og rest tilheyrði almennum úrgangi, eða 1.555 tonn. Blandaður heimilisúrgangur er stærsti flokkur þess úrgangs sem urðað er eða rúm 49%, timbur 16%, gler 14%, seyra 11%, dýrahæ 5%, grófur úrgangur 4% og svo olíumettaður jarðvegur 0,4%.

Allur úrgangsfarmur er vigtaður á löggilttri vog sveitarfélagsins, áður en farið er með hann á urðunarstað. Ósamræmi var á skráningum frá verktaka og skráninga á vog sveitarfélagsins í byrjun árs 2022, sem að hluta skýrist af að færslur úrgangs frá síðla árs 2021 voru færðar inn í skráningarnar hjá verktaka. Að hluta til er skráningarskekkja sem skýrist vegna bókuunar á uppruna úrgangs að því viðbættu. Rekstraraðli er meðvitaður um þetta og vinnur að því að koma vigtunarmálum í betra horf til að fyrirbyggja skekkjur í skráningum.

Úrgangsmál eru almennt í endurskoðun hjá sveitarfélaginu og hefur vinna farið fram á að finna nýjan verktaka í úrgangsmálin. Á þeim tíma sem eftirlit fór fram, stóð útboð á nýjum verktaka enn yfir en var á lokastigum.

Urðun í Lóni hefur átt sér stað um langt tímabil, staðfest frá árinu 1995 en mögulega hefur verið urðað á svæðinu í lengri tíma eða a.m.k aftur til ársins 1980. Ekki er vitað til þess að riðusýkt sauðfé hafi verið urðað á staðnum, og einnig ekki vitað til þess að miltisbrandssýktur úrgangur hafi farið þar niður.

Engar athugasemdir eru gerðar er varða niðurstöður vöktunar. Nikkel (Ni) er eini málmurinn sem hækkar örlítið í mælingum á vormánuðum þegar bornar eru saman mælingar sigvatns á því sem rennur inn í rotþró, samanborið við það vatn sem kemur undan siturlögnum neðan við siturbeð. Baríum (Ba) mælist þar einnig hærra á vormánuðum, en sú aukning er um nánast 70%. Aftur á móti ber ekki á auknum gildum á baríum á haustmánuðum. Á haustmánuðum er það eingöngu heildarfosfór (P) sem hækkar í gildum, en sú aukning er óveruleg.

Var rekstraraðila kynnt breytt fyrirkomulag á boðun eftirlita hjá Umhverfisstofnun ásamt því að kynnt var ný gjaldskrá eftirlita Umhverfisstofnunar. Gerði rekstraraðili athugasemdir á fyrirkomulag boðunar eftirlita þar sem hann bar því við að erfitt gæti orðið að bregðast við eftirlitum utan dagvinnutíma, eða ef bregðast þyrfti við óvæntum eftirlitum. Einnig kom athugasemd frá rekstraraðila að breytt gjaldskrá hefði möguleg neikvæð áhrif á þeirra yfirsýn á kostnað eftirlita.

Við eftirlit var auðséð að lítil úrkoma hafi átt sér stað undanfarnar vikur. Nánast ekkert rennsli var úr hreinsivirkinu sem og voru árfarvegir nánast þurrir. Hlið voru læst þegar komið var að urðunarstað. Mikið fuglager hafðist við í kringum staðinn.

Til að fylgjast með breytingum á umfangi sigs stefnir rekstraraðili á að taka hæðarpunkta næstkomandi október, svo hægt sé að reikna út sig urðaðs úrgangs. Í grænu bókhaldi (útstreymisbókhaldi) rekstraraðila kemur fram greinagerð að vegna mannaskipta hafa slíkum mælingum misfarist og hyggst hann stefna að því að koma mælingum í lag á þessu ári. Verður því fylgt eftir af eftirlitsaðila.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

5.1 í starfsleyfi

Skrá skal upplýsingar um breytingar á umfangi urðaðs úrgangs (sig), sem er liður að skráningum á innra eftirliti rekstraraðila.

1.2 í starfsleyfi, sbr reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Samkvæmt grænu bókhaldi rekstraraðila var urðað 6.960 kg af olíumettuðum jarðvegi, í Lóni árið 2022. Olíumettaður jarðvegur flokkast sem spilliefni. Urðun á spilliefnum er óheimil. Sjá reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg fyrir viðeigandi meðhöndlun.

ÁBENDINGAR

- 1) Halda skal svæði rekstraraðila snyrtilegu. Svæðið er mjög berskjaldað fyrir vindum, engu að síður skal rekstraraðili draga úr umfangi úrgangs sem fokið hefur um svæðið eins og mögulegt er. Net sem eru á svæðinu eru notuð til að breyða yfir úrgang til að hindra fok. Skal halda magni þeirra í lágmarki.
- 2) Önnur ábending varðar að eitthvað var um lausafé inn á urðunarstað og því þarf að sjá til þess að ástand girðinga sé yfirfarið til að hindra aðgang þeirra inn á svæðið.
- 3) Þörf er á að endurskoða þrif hreinsivirkis og nálægs svæðis. Síðast var hreinsun gerð á því í apríl 2021.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

